

1. grein

Heilsu-, íþróttá- og tómslundanefnd gengst ár hvert fyrir útnefningu á íþróttamanni og íþróttakonu ársins í Rangárþingi ytra.

2. grein

Heilsu-, íþróttá- og tómslundanefnd sér um undirbúning að vali á íþróttamanni og íþróttakonu ársins. Tilnefningar skulu koma frá öllum íþróttá- og ungmennafélögum í Rangárþingi ytra og einnig frá öðrum félögum innan vébanda ÍSÍ í sveitarfélaginu. Heilsu-, íþróttá- og tómslundanefnd mun auglýsa eftir tilnefningum frá íþróttá- og tómslundafélögum í sveitarfélaginu, en einnig skal almenningi gefinn kostur á að tilnefna íþróttamann og íþróttakonu ársins.

Með tilnefningu skal fylgja greinargerð um árangur og rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi. Skilyrði er að viðkomandi eigi lögheimili í Rangárþingi ytra og sé a.m.k. 16 ára á árinu. Gerð er krafa til þess að íþróttamaðurinn sé góð fyrirmynd innan vallar sem utan.

Skila þarf tilnefningum inn fyrir 15. desember ár hvert. Íþróttá- og fjölmenningsafulltrúi sveitarfélagsins kallar eftir tilnefningum frá félögum og almenningi. Einnig má tilnefna aðila sem hefur unnið framúrskarandi vel að íþróttá- og tómslundamálum í sveitarfélaginu.

3. grein

Í janúar mánuði ár hvert er þeim einstaklingum, sem valinn eru íþróttamaður og íþróttakona ársins í Rangárþingi ytra fyrir liðið ár, afhent viðurkenning í samræmi við reglugerð þessa. Á viðurkenninguna skal ritað nafn hins útnefnda íþróttamanns, viðeigandi ártal og skal verðlaunagripurinn vera í vörslu hans það ár sem hann hefur verið valinn. Íþróttamanni ársins er jafnframt veitt viðurkenning til eignar.

4. grein

Faglegt mat á útnefningu og framkvæmd verðlaunaafhendingar skal vera í höndum heilsu-, íþróttá- og tómslundanefndar.

5. grein

Viðurkenning skal einnig veitt fyrir framúrskarandi árangur eins og t.d. landsliðssæti, Íslandsmeistara- alþjóðlegan titil.

6. grein

Afhending viðurkenninganna skal fara fram með þeirri viðhöfn sem sveitarstjórn í samráði við Heilsu-, íþróttá- og tómslundanefnd ákveður hverju sinni.

7. grein

Reglugerð þessi tekur gildi við samþykkt sveitarstjórnar og skal hún endurskoðuð ár hvert.

Hella 2. janúar 2025.